

Nr. 1115

2. nóvember 2020

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Deiliskipulag íbúðarhverfis Norðurbæjar, leiðréttинг.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis Norðurbæjar ásamt breyttum skipulagsmörkum Víðistaðasvæðis. Í breytingunni felst að skipulagsmörk Víðistaðasvæðis færast til austurs og svæðið breytist úr 18 ha í 17 ha, en skipulagsmörk íbúðarhverfis Norðurbæjar færast til og stækka til samræmis. Heimilt verður að byggja 10 íbúðir á svæðinu við Hjallabraut.

Auglysingin er leiðréttинг á auglysingu nr. 1039/2020 sem birt var 26. október 2020.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 2. nóvember 2020.*

**Þormóður Sveinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2020